

Jón Óskar Hafsteinsson

Myndlist

Valtýr Pétursson

Þegar mér barst boðskort á sýningu Jóns Óskars, hugsaði ég sem svo, er nú skáldið farið að stunda myndlist. En svo sá ég í blaði, að þarna var annar Jón Óskar á ferð, og er sá Hafsteinsson. Ungur maður, sem stundað hefur nám síðastliðin þrjú ár vestur í þeim stóra stað, New York. Hann er nú heimkominn og hefur efnt til fyrstu einkasýningar sinnar í austursal Kjarvalsstaða. Þar hefur þessi ungi listamaður komið fyrir, á nokkuð sérstakan hátt, 38 málverkum, sem eru unnin þannig, að ljósmyndataeknin er notuð til að ná fram vissum áhrifum í málverkinu, en lengra þori ég vart að halda út á tæknilið þessara málverka. Þekki þar lítið til.

Það er nokkuð framandi blær á þessari sýningu Jóns Óskars, bæði hvað uppsetningu og annað varðar. Þarna eru hérumbil öll verk unnin út frá manningum. Það er eins og að skoða fjölskyldualbúm að vera í námunda við þessi verk, nema hvað hér er allt í miklum stærðum og myndröðum. Það fer ekki milli mála, að hér er á ferð maður, sem hefur mikla hæfileika og tekst að notfæra sér skap sitt og viljaprek. Það eru mikil átök í sumum þessara verka, og málverkið kemst sérlega vel til skila, þegar best lætur. En verk eins og Paris og Strasbourg eru bestu dæmin um getu þessa unga manns. Ég hafði einnig ánægju af myndröð, er listamaðurinn kallar BOYS, margar myndir, sem settar eru upp í einni heild á

langvegg salarins. Ég sagði hér áðan, að þessi sýning hefði nokkuð sérstakan blær, rétt er nú það, en ég er hvergi viss um, að um frumleika sé að ræða í þessum verkum. Maður hefur áður séð eitthvað þessu líkt, en ég held að megi fullyrða, að Jóni Óskari takist samt að koma sínu á framfæri í þessum verkum. Það er einnig greinilegt á þessari sýningu, að Jón Óskar hefur notið annars uppeldis í New York en félagar hans, sem fóru út á það flata Holland. Það er viss amerískur andi yfir hlutunum á þessari sýningu, og er ekkert nema gott um fjölbreytni af þessu tagi að segja. Ekki er ég viss um, að

boðskapur í þessum verkum komist til skila, en vera má, að vinnubrögð við sjálft málverkið nægi til að hafa áhrif, og það sé allur sannleikurinn um þessi verk.

Hér er þannig tekið á viðfangsefnum, að mér finnst það sanna áræði og dugnað hjá þessum nýliða. Hann er auðvitað nokkuð óráðinn, en samt fastari fyrir en margur, sem er að ýta úr vör. Það kemur á daginn, hvernig þróunin verður hjá Jóni Óskari. Það, sem nú liggur á borði, er nægilegt til að benda á þessa sýningu. Svo koma dagar og koma ráð, enginn veit, hver étur óborinn hval, sagði skáldið.



Stærsti bókamarkaður ársins 1984

Aðlaðandi pönktónlist

Hljóm-plötur

Sigurður Sverrisson

Flux of Pink Indians
Flux of Pink Indians
Spiderleg Records/Gramm
Þótt æði langt sé nú um liðið frá því ég heyrði síðast í Sex Pistols sálugu held ég að Flux of Pink Indians sé sá pönkflokkur nútímans sem næst kemst þessum horfnu hetjum árdaga pönksins. Hvað eftir annað fannst mér ég heyra kunnugleg tilþrif frá því á dögum kynhleypanna og það er ekki leiðum að líkjast.

Undanfarna mánuði hefur ungur Íslendingur spreytt sig með þessari sveit, sem er býna þekkt á sínu sviði í Bretaveldi. Þessi Íslendingur er að sjálf-sögðu Einar Örn Benediktsson, fyrrum Purrkur, íssl-ari og núverandi Kukl-ari. Hefur hann spreytt sig á trompettinu sínu með þeim Flux-urum.

Tónlistin frá Flux er að mínu viti mjög áheyrilegt pönk og slíkt er sko ekki hægt að hafa um margar þeirra sveita, sem flytja tónlist af þessu tagi. Keyrslan í lögunum er góð, gítarleikurinn á tíðum skerandi og jafnvel óþægilegur.

Sennilega eru þó textarnir sterkasti hluti laganna hjá þeim indíánastrákum. Þeir eru margir hverjir beinskeyttir og hlutirnir eru ekki teknir neinum vettlingatökum. Sér í lagi er hatur þeirra á breska „músíkbransanum“ einkennandi.

Þegar öllu er á botninn hvolf er tónlist Flux of Pink Indians bráðskemmtilegt pönk. Lögin eru hvert öðru betra (þ.e. geti menn meðtekið þessa tónlist á annað borð) og þótt mörg væru góð fannst mér Progress vera best.

Fjöldi bóka í síðasta skipti á hagstæðu verði


29. febr.—11. marz



MAGN AFSLÁTTUR
Auka 5% ef verslað er fyrir meira en kr. 1.000.—
Auka 10% ef verslað er fyrir meira en 3.000.—

Nú er hægt að gera góð kaup og finna marga fáséða bókina á lágu verði!

Öll helstu bókaforlög landsins



Bóka pakkar á hagstæðu verði

Notið tækifærið ...

VISA og EUROCARD

Opið frá kl. 9—20 í kvöld.

Markaðshús Bókhlöðunnar
Laugavegi 39